

Lög um breyting á lagaákvæðum um verðtolla, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 40.

Lög um breyting á lögum nr. 28 27. júní 1921, um verzlun með tilbúinn áburð og kjarnfóður, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 41.

Auglýsing um viðskiptaákvæði milli Íslands og Argentínu, undirskrifuð af ráðherra utanríkismála 16. júní 1939, nr. 42.

109
10. júlí **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, um takmörkun verzlunarlóðarinnar á Hvalskeri í Rauðasandshreppi.**

Með bréfi, dags. 28. apríl þ. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Vestur-Barðastrandarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar á Hvalskeri í Rauðasandshreppi ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús á Hvalskeri í Rauðasandshreppi, sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti, svo sem hér segir:

1. Lóðin er suðvestur upp af Skershlein, þar sem hús kaupfélags Rauðasands standa.
2. Að norðvestan: Skershlein til sjávar, bein lína eftir netgirðingu.
3. Að suðvestan: Netgirðing.
4. Að suðaustan: Netgirðing og bein lína eftir henni til sjávar.
5. Að norðaustan: Sjórin.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppsins kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

110
10. júlí **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, um takmörkun verzlunarlóðarinnar á Suðureyri í Tálknafjarðarhreppi.**

Með bréfi, dags. 28. apríl þ. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Vestur-Barðastrandarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar á Suðureyri í Tálknafjarðarhreppi ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús á Suðureyri í Tálknafjarðarhreppi sett eftir framangreindum lögum og meðfylgjandi uppdrætti, svo sem hér segir:

1. Lóðin er á sunnanverðri eyrinni.
2. Að norðan: Girðingin og verksmiðjuhúsið.
3. Að vestan: Girðingin í steypuþótt, þaðan bein lína í merkistein við girðinguna.
4. Að sunnan: Girðingin til sjávar.
5. Að austan: Sjórin.